

Hann greiði Jóni Sigurvin Arnfinnssyni kr. 430.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda sins, Þorvalds Þórarinssonar lög-
fræðings, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1947.

Nr. 168/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Hermann Jónasson)

gegn

Stefáni Magnússyni (Hrl. Gunnar Möller).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum. Sýknað af
ákæru um brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, hefur kveð-
ið upp héraðsdóminn.

Slys það, sem ákærða er að sök gefið, varð á mjög mjó-
um vegi, þar sem ökutæki gat tæplega farið fram hjá öðru
ökutæki. Myrkt var af nóttu og vegir blautir. Mátti ákærða
því ljóst vera, að honum var rík nauðsyn til þess að viðhafa
hina mestu varúð. Þetta gerði hann ekki, heldur ók með það
miklum hraða, að honum tókst ekki að stöðva bifreið sína,
er hann sá vegfarendur fram undan, fyrr en slys var orðið.
Varðar þetta hátterni ákærða við 2. og 4. gr. umferðarlaga
nr. 24/1941 og við 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27.
gr. laga nr. 23/1941.

Fyrir hæstarétt hefur verið lagt fram vottorð setts hér-
aðslæknis, sem stundaði Snorra Jónsson, er fyrir slysinu
varð. Kveður læknirinn, að miklir marblettir hafi komið
fram um hægri fótlegg og allt innanvert hægra læri. Hafi
fóturinn verið mjög aumur viðkomu um hné og upp eftir
læri. Snorri hafi byrjað að hreyfa fótinn eftir rúma viku

frá slysdegi, þó með harmkvælum, en tekið að tylla í fæt-urna eftir hálfa fjórðu viku. Telur læk'nirinn, að Snorri hafi verið algerlega frá verkum á annan mánuð, en eftir það hafi hann tekið að gegna venjulegum störfum, þó af veik-um mætti til að byrja með. Eftir því, sem fram er komið, virðist hann hafa náð fullri heilsu aftur. Samkvæmt þessu verður ekki staðhæft, að ákoma sú, sem Snorri fékk, hafi verið slik, sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940, og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot eftir 219. gr. þeirra laga.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 14. gr. laga nr. 24/1941 og 38. gr. laga nr. 23/1941, og þykir hún hæfi-lega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða leyfi til aksturs bifreiðar 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er ófullkomin. Héraðsdómari aflaði ekki læk'nisvottorðs um heilsufar Snorra Jónssonar og spurði hvorki hann né förunauta hans fyrir rétti um aðdraganda slyssins.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Stefán Magnússon, sæti 1500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur rétti til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónas-sonar og Gunnars J. Möllers, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 12. október 1946.

Mál það, sem hér liggur fyrir, dómtekið 5. þ. m., er bæði af hálfu réttvisinnar og valdstjórnarinnar höfðað gegn Stefáni Magnússyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Raufarhöfn innan Þingeyjarsýslu og kominn yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði, sem ekki hefur áður sætt ákæru eða hegningu fyrir nokkurt lagabrot, hefur fráfallið stefnubirtingu í máli þessu og samþykkt, að það yrði rekið fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu í Húsavík.

Hefur hann ekki viljað láta skipa sér verjanda í málinu.

Nánari atvik málsins, upplýst bæði með framburði sjónarvotta og játningu ákærða, eru þessi:

Hinn 16. september 1945 er ákærði í máli þessu staddur með vöru-bifreið sína Þ 31 á Akureyri, og eru með honum í bifreiðinni, þegar hann að áliðnum degi leggur af stað heimleiðis til Raufarhafnar, bifreiðastjórnir Guðmundur Magnússon og Þorgrímur Þorsteins-son, báðir til heimilis í Raufarhöfn.

Sat Þorgrímur inni í bifreiðinni hjá ákærða, sem sjálfur stýrði bifreið sinni, en Guðmundur uppi á bifreiðarpallinum í skjóli við húsið. Veður var gott, en vegir blautir, einkum á Reykjaheiði. Ekið var eftir þjóðveginum með ca. 40 km hraða á klukkustund, eftir því sem næst verður komið, og ber ekkert til tíðinda, fyrr en komið er austur í Öxarfjörð á þjóðvegin skammt sunnan við jörðina Ferjubakka kl. ca. 22.30 að kvöldi, að bifreiðin rekst á kerru, sem hestur er fyrir á miðjum veginum, kerrukjálkinn hægra megin brotnar með þeim afleiðingum, að vinstri kjálki kerrunnar slæst við höggið af árekstrinum í vinstri bóg hestsins, sem fyrir kerrunni var, og brýtur hann.

Jafnframt fellur hestur og kerra inn á veginn, en maður sá, sem hjá kerrunni stóð, varð undir henni og fékk svo slæmt högg á hægra hné, að hann varð eins og utan við sig í bili af sársauka, en gat þó fljótlega losað sig undan kerrunni og forðað sér út af veginum.

Maður sá, sem fyrir áverkanum varð, var Snorri Jónsson, bóndi á Vestaralandi í Öxarfirði, og var hann á heimleið utan frá Kópaskeri með varning á fjórum kerrum, og röðin þannig, að fyrstur fór Baldur, sonur hans, svo Snorri sjálfur, næstur honum Hermann, sonur hans, og síðast ungur drengur.

Bifreiðin kom sunnan þjóðvegin með miklum hraða samkvæmt framburði nefndra feðga og með fullum ljósum. Baldur, sem er fremstur, riðandi með kerruhestinn í taumi, ætlaði að sveigja hestana og kerruna til vinstri út af veginum, en þá fældist reiðhesturinn, stökk til hægri fram af brautinni og setti Baldur af sér.

Þetta sér Snorri, vindur sér frá sinni kerru að fremstu kerrunni, en um leið verður áreksturinn með þeim afleiðingum, sem að framan segir.

Bifreiðin stöðvast um leið og hún rakst á kerruna, enda áður hemlað og dregið mjög úr ferð hennar. Ákærði svo og hinir bílstjórnarnir tveir stukku út til þess að vita, hvað um væri að vera, buðu hinum meidda aðstoð sína, létu kalla í lækni, og byssa var fengin á Ferjubakka, til þess að aflifa með hestinn bógbrotna, og um það var séð, að hinn meiddi ásamt flutningi kæmist heim að Vestaralandi þá um kvöldið.

Við rannsókn hreppstjóra Öxarfjarðarhrepps á slysstaðnum 19. september 1945 er upplýst, að vegurinn er beinn á alllögum kafla — ca. 370 m — beggja megin slysstaðarins, að bifreiðin hefur beygt út af hjólförunum ca. 20 metrum sunnan við slysstaðinn og þá aldrei farið utar en það, unz áreksturinn varð, að vinstri hjólin hafa verið utan í vegarbrún, en þegar áreksturinn varð, er ekki hægt að sjá, hvort annað eða bæði vinstri hjólin hafa verið utan vegarins.

Vegurinn er á þessari leið svo mjór, að tæplega geta tvær venjulegar bifreiðar mætt og komið hvor framhjá annarri, nema með því að fara yzt út í vegarbrúnir og gæta allrar varúðar.

Loks er upplýst, að kerran, sem varð fyrir árekstrinum, laskaðist mjög, aktygin skemmdust og hestinn þurfti að skjóta.

Snorri Jónsson lá rúmfastur lengi undir læknishendi, en er nú búinn að ná sér að mestu.

Liggur þá fyrst fyrir að athuga, hvort og á hvern hátt ákærði hafi gerzt brotlegur gegn ákvæðum bifreiða- og umferðarlaganna, en hvor tveggja lögin eru frá 16. júní 1941.

Verður þá fyrsta spurningin sú, hvort bifreiðin hafi fengið lögboðna skoðun og talin í ökufæru standi. Þessu hvoru tveggja verður að svara játandi, því auk þess sem ákærði lagði fram við fyrstu rannsókn þessa máls skoðunarvottorð fyrir bifreiðina Þ 31, dags. 2% 1945, með áritun „í lagi“, er það upplýst, að bifreiðin var notuð á Akureyri að morgni dags 16. september 1945 sem próf- eða kennslubifreið fyrir vitnin, bílstjórana Guðmund Magnússon og Þorgrím Þorsteinsson, og er þá talin í fullkomnu lagi.

Næst er að fá því svarað, hvort ákærði, sem ók bifreiðinni Þ 31, þegar slysið varð, hafi haft til þess réttindi og verið til þess fær nefndan dag.

Auk þess, sem gildandi ökuleyfi ákærða er sýnt við fyrstu rannsókn, er það upplýst með samhljóða vitnisburði allra vitna, sem leidd hafa verið í máli þessu, að hvorki ákærði né félagar hans voru undir áhrifum vins, þegar slysið varð, og ekkert bendir til þess, að ákærði hafi verið ófær til aksturs sökum svefnleysis eða ofþreytu.

Í þriðja lagi verður úr því að skera, hvort ökuhraði hafi verið löglegur hinn 16. september 1945 og akstur hans að öðru leyti svo sem umferðarlöggjöfin mælir fyrir um, og hann sýnt þá varkárni

og gert þær varúðarráðstafanir til þess að forðast slys, sem nefnd löggjöf krefst af mönnum þeim, sem rétt hafa til þess að aka bifreiðum.

Um ökuhraða ber ákærða og félögum hans saman, að hafi verið um 40 km á klukkustund, og verður það ekki talinn óleyfilegur eða ógætilegur hraði á beinum vegi, enda þótt dimmt sé orðið, þar sem ljós bifreiðarinnar eru í lagi og virðast hafa lýst ca. 40 m fram fyrir bifreiðina a. m. k., því í þeirri fjarlægð greinir ákærði hestana, enda þótt þeir væru allir dökkir, bæði samkvæmt skýringu og framburði vitnisins Þorgrims Þorsteinssonar, sem sat við hlið ákærða, hafði sömu útsýn og hann og veitti nákvæma eftirtekt því, sem ákærði gerði til þess að afstýra slysinu.

Ber þeim saman um, að ákærði hafi, strax og hann sá hestana, hemlað með fóthemli, en þegar hann dró ekki nægilega skjótt og mikið úr ferðinni, var handhemill notaður, og dró þá allmikið úr hraða bifreiðarinnar.

Öllum þremur, sem í bifreiðinni voru, ber saman um, að hún hafi verið að því komin að stöðvast, þegar áreksturinn varð á kjálka fremstu kerrunnar, og stöðvazt algerlega við hann.

Þá virðist það og koma fram í vitnisburði þeirra Þorgrims, Snorra og Baldurs, þótt ógreinilegra sé hjá tveimur síðarnefndu en Þorgrími, að skýring ákærða sé rétt um, að hann hafi hætt við að víkja bifreiðinni alla leið út af veginum til vinstri sökum þess, að þeim megin var hestur og kerra sú, sem var önnur í röðinni, og hvort tveggja að fara út af veginum sömu megin og hann ætlaði með bifreiðina og þá hætt við árekstri þar, og sömuleiðis er upplýst, að a. m. k. annað, ef ekki bæði vinstri hjól bifreiðarinnar, var komið út af veginum.

Ráð ákærða, að stýra bifreið sinni, eins og á stóð, milli kerranna til að forðast árekstur, virðist því engan veginn hafa verið ástæðulaust eða óvarlegt, einkum þegar þess er gætt, að ferðin var að mestu leyti komin af bifreiðinni.

Virðist í þessu sambandi rétt að taka tillit til þess, að áreksturinn hefði naumast orðið eins alvarlegur fyrir Snorra Jónsson sjálfan, hefði hann ekki horfið frá kerru sinni að kerru Baldurs, sem var fremst í röðinni, en ákærði virðist ekki hafa séð hann fara yfir veginn.

Ákærði heldur því fram, að ljósaútbúnaður á bifreiðinni Þ 31 hafi verið þannig, þegar áreksturinn varð, að ekki var hægt að deyta ljósin. Var því um tvennt að velja, annað hvort að nota fulla birtu ellegar slökkva alveg, en hið síðarnefnda taldi hann óverjandi, eins og á stóð, og er vitnið Þorgrimur Þorsteinsson honum samdóma um þetta atriði.

Þá er það upplýst, að ákærði gaf sig strax fram, er slysið varð, og bauðst til að veita hinum slasaða alla aðstoð, sem hann gæti

í té látið. Loks hefur slasaði, Snorri Jónsson, bóndi á Vestaralandi, tjáð dómáranum, að hann sé orðinn að mestu jafngóður eftir slysið, fengið bætur fyrir sig og tjón sitt bætt, og því ekki um skaðabóta-kröfu af hálfu hans að ræða.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, verður að líta svo á, að ákærði, Stefán Magnússon, hafi með akstri sínum á bifreiðinni Þ 31 hinn 16. september 1945 ekki gerzt brotlegur gegn ákvæðum bifreiða- og umferðarlaganna frá 16. júní 1941 og beri því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir er þá að athuga, hvort ákærði verði sekur fundinn um brot gegn XXIII. kafla hinna almennu hegningarlaga frá 1940 með framferði sínu 16. september 1945.

Virðist aðeins vera um 219. gr. hegningarlaganna að ræða, sem til mála gæti komið að beita gegn ákærða, en sökum þess, að hann hefur ekki orðið sekur fundinn í máli þessu gegn ákvæðum bifreiðalaganna né umferðarlaganna frá 1941, verður honum heldur ekki gefið að sök, að hann með akstri sínum eða framferði 16. september 1945 hafi með gáleysi orðið valdur að meiðslum þeim, sem Snorri Jónsson, bóndi á Vestaralandi, varð fyrir nefndan dag, enda ekki valdið slasaða tjóni á líkama eða heilbrigði. Ber því einnig að sýkna ákærða af kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum ber rikissjóði að greiða allan kostnað þessa máls í héraði.

Dráttur nokkur á framhaldsrannsókn máls þessa stafaði af því, að ekki þótti ástæða til, að dómariinn tækist hennar vegna sérstaka ferð á hendur til Raufarhafnar, heldur tæki hann málið fyrir um leið og hann þingaði á þessu ári. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Stefán Magnússon, Raufarhöfn, skal vera sýkn af kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Málskostnað allan í héraði ber að greiða úr rikissjóði.